

Alþingi Íslendinga  
- menntamálanefnd neðri deildar  
c/o Ragnar Arnalds, formaður

Reykjavík 22. janúar 1991

EFNI: FRUMVARP TIL LAGA UM LISTAMANNALAUN - UMSÖGN

Stjórn Tónskáldafélags Íslands boðaði til almenns félagsfundar í lok nóvember síðastliðins, og var hið nýbirta frumvarp til laga um listamannalaun aðalefni fundarins. Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt einhljóða:

Almennur félagsfundur haldinn í Tónskáldafélagi Íslands þann 28. nóvember 1990 fagnar frumvarpi til laga um listamannalaun og lýsir yfir stuðningi við það. Fundurinn telur hlut tónskálda þó vera of lítinn og mun fara fram á leiðréttingu.

Þrátt fyrir eindreginn stuðning Tónskáldafélagsins við þetta frumvarp höfðu fundarmenn ýmislegt við það að athuga, og var stjórn félagsins falið að koma þeim athugasemdum á framfæri á réttum vettvangi.

Um tilgang og markmið lagasetningarinnar::

Þess er hvergi getið í þessu frumvarpi hver sé tilgangurinn með þessari lagasetningu né heldur hvaða markmiði hún eigi að þjóna. Slíkt kemur heldur ekki fram í athugasemdunum með frumvarpinu. Það er álit Tónskáldafélagsins, að ákvæði um tilgang og markmið laganna muni tvímælalaust styrkja þessa lagasetningu og leiða til markvissari vinnubragða þeirra, sem eiga að sjá um framkvæmd hennar.

Tónskáldafélagið telur það einkum vera tvennt í þessu sambandi, sem æskilegt væri að kæmi fram í frumvarpinu: Annars vegar það, að tilgangur þess að ríkið launi íslenska listamenn sé sá, að til verði í landinu metnaðarfull listaverk, sem annars yrðu ekki sköpuð á hinum almenna markaði framboðs og eftirspurnar. Hins vegar hlýtur það að vera markmið frumvarpsins að skapa íslenskum listamönnum grundvöll til þess að geta

helgað sig óskiptir listsköpun sinni án þess að þurfa um leið að afla tekna með öðrum tímafrekum störfum.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins:

aths. við 5.gr.

Því ber að fagna, að þeir listamenn, sem fá starfslaun úr þessum sjóðum og eru ekki félagar í lífeyrissjóði, öðlist lífeyrisréttindi í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Hins vegar er ekki ljóst af frumvarpinu hvort þeir, sem greitt hafa í einhverja aðra lífeyrissjóði en Söfnunarsjóðinn áður en þeir fara á starfslaun, geti haldið áfram aðild sinni að þeim sjóðum eftir að þeir fara á starfslaun. Slíkt væri auðvitað æskilegt.

Skv. frumvarpinu yrðu mánaðarlaun þess, sem nýtur starfslauna, um það bil kr. 77.922,- . Þótt þessi laun séu hærri en þau, sem hingað til hefur tíðkast að veita listamönnum, þá geta þau varla talist nema rétt viðunandi, sérstaklega þegar þess er gætt að flestir markverðir listamenn hér á landi hafa margra ára starfsreynslu, jafnvel áratuga, úr öðrum störfum, s.s. úr kennslustörfum, svo ekki sé minnst á starfsreynslu þeirra á sviði listsköpunarinnar sjálfrar. Þá má ætla, að flestir þeir listamenn, sem koma til með að þiggja laun úr starfslaunasjóðunum, hafa margra ára háskólanám að baki. Þetta gildir t.d. um nær alla féлага í Tónskáldafélagi Íslands.

aths. við 6.gr.

Samkvæmt þessari grein eru samanlögð starfslaun við gildistöku laganna 840 mánaðarlaun, og síðan bætast við 60 mánaðarlaun á ári næstu 5 ár. Það er álit Tónskáldafélagsins, að íslensk listsköpun sé litlu bätt með þessu frumvarpi nema að staðið sé við þau fyrirheit um árlegar viðbætur sem getið er um í þessari grein.

aths. við 9.gr.

Það eru eindregin tilmæli Tónskáldafélagsins til menntamálanefndar, að hlutur Tónskáldasjóðsins í þessu nýja starfslaunakerfi verði aukinn. Samkvæmt þessari grein fær Tónskáldasjóðurinn við gildistöku laganna í sinn hlut aðeins sem svarar til 1/14 hlut af samanlögðum starfslaununum (60 mánaðarlaun af 840). Samkvæmt greininni skánar þetta hlutfall lítið eitt þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku laganna (100 mánaðaralaun af 1140).

Það er grunur okkar, sem að þessari umsögn standa, að einkum hafi verið tekið mið af tvennu þegar hlutur Tónskáldasjóðsins hafi verið ákveðinn í þessari frumvarpsgerð. Í fyrsta lagi hafi verið tekið mið af þeim úthlutunum sem átt hafa sér stað á liðnum árum úr núverandi starfslaunasjóði ríkisins, og að hins vegar hafi verið tekið mið af þeim fjölda listamanna sem á einhvern formlegan hátt hafa lýst því yfir að þeir séu "aktífir" listamenn í viðkomandi listgrein, t.d. með því að ganga í eitthvert þeirra listgreinafélaga sem hér starfa. Hins vegar hafi minna verið tekið tillit til þess, að eitthvert eðlilegt hlutfall á milli listgreinanna sjálfra ríki að þessu leytinu til. Í þessu sambandi vill Tónskáldafélagið benda á eftirfarandi atriði:

- a) Á allrasíðustu árum hefur ásókn tónskálda í þann starfslaunasjóð, sem ríkið hefur hingað til veitt úr, stórlega aukist. Þessi aukna ásókn hefur þó ekki nema að litlu leytinu til endurspeglast í auknum úthlutunum til handa tónskáldum. Þá er það staðreynd, að flest okkar bestu tónskáld (ef ekki öll) vinna fyrir sér með kennslu í skólum landsins, og hafa þau þess vegna veigrað sér við að segja upp kennslustörfum sínum, sem tryggja þeim laun allt árið, til þess eins að fá starfslaun í kannski þrjá til níu mánuði. Íslensk tónskáld hafa að þessu leytinu til nokkra sérstöðu meðal íslenskra listamanna.
- b) Til þess að geta samið <sup>3</sup>merkverð tónverk þarf mikla faglega kunnáttu t.d. hvað varðar þekkingu á hljóðfærum og í nótnaskrift, enda er það staðreynd, að flest þau tónskáld sem eitthvað hafa látið að sér kveða hafa margra ára tónlistarnám að baki (þar af mörg í háskóla). Þessar innbyggðu kröfur um tæknilega kunnáttu og faglega þekkingu leiða sjálfkrafa til þess, að engum er stætt á að titla sig tónskáld án þess að hafa áður tileinkað sér viðamikla þekkingu og mikla tækni á sínu sviði. Þetta endurspeglast m.a. í þeim ströngu skilyrðum sem Tónskáldafélagið setur þeim, sem sækja um inngöngu í félagið. Af þessum sökum telja íslensk tónskáld, að fjöldi listamanna í einhverri ákveðinni listgrein geti varla talist marktækur mælikvarði þegar starfslaunum er úthlutað til mismunandi listgreina eins og gert er í þessu frumvarpi.

Viðkomandi þessari 9.grein frumvarpsins vill Tónskáldafélagið að lokum benda á, að "aktífum" tónskáldum hefur fjölgað verulega hér á landi á síðustu árum og er fjöldi kvenna og karla um þessar mundir að ljúka

framhaldsnámi í tónsmíðum við erlendar menntastofnanir. Á fáum sviðum listanna hefur að undanfögnu verið meiri vöxtur en í tónlistinni og er ekki fyrir séð að það eigi eftir að draga úr þeim vexti á næstu árum. Það yrði mikið slys ef ekki yrði tekið tillit til þess við smíði þessara laga.

aths. við 10. gr.

Skv. þessari grein er Listasjóði ætlað margþætt hlutverk, og er það álit Tónskáldafélagasins að skilgreina þurfi starfsemi hans nákvæmar, annaðhvort í sjálfum lögnum eða með reglugerð.

aths. við 11. gr.

Tónskáldafélagið er samþykkt ákvæði þessarar greinar en vill þó benda á, að hún setur úthlutunarnefnd lítils sjóðs eins og Tónskáldasjóðsins miklu þrengri skorður en hún gerir úthlutunarnefndum hinna stærri sjóða.

aths. við 13. gr.

Tónskáldafélagið telur að ákvæðið um skipun úthlutunarnefnda sé of loðið. Félagið hvetur til þess, að í þessari grein sé skorinort kveðið á um það að úthlutunarnefndirnar séu skipaðar samkvæmt tilnefningum þeirra félaga, sem talðar eru upp í lagagreininni, en ekki aðeins í samráði við þau. Samráð getur nefnilega verið dálítið teygjanlegt hugtak!

Lokaorð:

Hugmyndir um starfslaunasjóð til handa tónskáldum eru alls ekki nýjar af nálinni, sbr. frumvarp til laga sem lagt var fram á Alþingi Íslendinga 1982-83 um Tónskáldasjóð Íslands. Þótt það frumvarp hafi verið flutt af þingmönnum úr öllum þeim flokkum, sem þá áttu setu á þingi, og hafi þá hlotið samhljóða meðmæli menntamálanefndar neðri deildar þá hlaut það ekki afgreiðslu. Þrátt fyrir þessar málalyktir héldu íslensk tónskáld ótrauð áfram baráttu sinni fyrir sjóði, sem gæti tryggt þeim einhvern grundvöll til listsköpunar sinnar. Í þessari baráttu hafa tónskáldin haft það að leiðarljósi að efla þurfi tónsköpun í landinu og að sá mikli kraftur og sköpunargleði, sem hefur verið ríkjandi í íslenskum tónsmíðum

á undanförnum áratugum, verði nýttur þjóðinni til heilla. Tónskáldafélag Íslands hefur verið í fararbroddi þessarar baráttu, og eins og fram kemur í athugasemdunum með því frumvarpi sem hér um ræðir þá lagði félagið m.a. fram drög að frumvarpi um stofnun sérstaks tónskáldasjóðs og ítarlega greinargerð þar að lútandi. Það er von okkar að þessi barátta beri að minnsta kosti þann ávöxt að þetta frumvarp sem hér er lagt fyrir nái fram að ganga.

Að lokum: Að öllu óbreyttu verða íslenskir listamenn að setta sig við starfsskilyrði sem eru verri, miklu verri, en tíðkast hjá menningarþjóðunum umhverfis okkur, - og að öllu óbreyttu er vart við því að búast að þjóðin eignist þau listaverk sem fremur öðru geta skerpt þá sérstöðu menningar okkar, sem hún þarf að hafa ef hún á að halda lit í þeirri sambræðslu þjóðmenninga, sem nú má sjá gerast um allan heim. Í þessum miklu menningarlegu hræringum er ekki nóg fyrir okkur Íslendinga að geta skírskotað til blómlegra listsköpunarskeiða í sögu okkar því að forsenda þess, að menningararfur okkar lifi er sú, að hlúð sé að nýsköpun lista í landinu og að þeir sem að henni vinna hafi í sig og á og hafi tíma og frið til þess að sinna henni af einhverri alvöru. Þegar litið er á lagasetningu um starfslaunasjóði listamanna í þessu samhengi má sjá, að sú lagasetning kemur ekki einungis listamönnum til góða heldur varðar hún menningarlegt forræði okkar Íslendinga allra í óvissri framtíð.

Virðingafyllst

f.h. Tónskáldafélags Íslands



Hjálmar H. Ragnarsson

formaður